



# Byggðastofnun

## Próunarsvið

Alþingi  
Erindi nr. P 137/162  
komudagur 11.6.2009

Dagsetning  
10.06.2009

Utanríkismálanefnd Alþingis  
Alþingishúsinu við Austurvöll  
150 Reykjavík

Utanríkismálanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um tillögur til þingsályktunar er varða aðild að Evrópusambandinu (38. mál, aðildarumsókn að Evrópusambandinu, og 54. mál, undirbúningur mögulegrar umsóknar um aðild að Evrópusambandinu).

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Fyrri tillagan er frá stjórnarflokkunum um að Alþingi feli ríkisstjórn að leggja inn umsókn um aðild að Evrópusambandinu og að loknum viðræðum við sambandið verði haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um aðildarsamning. Síðari tillagan er frá þingmönnum tveggja stærstu stjórnarandstöðuflokkanna, um að Alþingi feli utanríkismálanefnd að undirbúa mögulega umsókn um aðild að Evrópusambandinu og að nefndinni verði fengin eftirfarandi verkefni:

- „1. Að setja saman greinargerð um mikilvægustu hagsmuni Íslands í aðildarviðræðum við Evrópusambandið.
2. Að vinna vegvísi að mögulegri aðildarumsókn sem taki til umfjöllunar öll álitamál varðandi upphaf aðildarviðræðna og hvernig skuli að þeim staðið, auk þess að fjalla um nauðsynlegar ráðstafanir í tengslum við staðfestingu mögulegs aðildarsamnings. Nefndin ljúki framangreindum verkefnum sem allra fyrst og eigi síðar en 31. ágúst 2009.“

Tillaga ríkisstjórnar felur í sér að löggjafinn færir framkvæmdavaldi umboð til samninga, sem að einhverju leyti myndi takmarkast af meðfylgjandi athugasemdum og hugsanlega af álitum meirihluta utanríkismálanefndar. Formlega er útfærsla umsóknarferlisins þó sett í hendur framkvæmdavalds.

Tillaga framsóknar- og sjálfstæðismanna gerir ráð fyrir að löggjafinn feli framkvæmdavaldi ekki umboð fyrr en utanríkismálanefnd hefur lokið greinargerð um málið og verður að ætla að umboðið muni afmarkast af niðurstöðum greinargerðar nefndarinnar.

Í athugasemdum þingsályktunar ríkisstjórnar og í greinargerð þingsályktunar framsóknar- og sjálfstæðismanna koma m.a. fram mikilvægir hagsmunir Íslands sem þurfi að hafa í huga í samningsviðræðum og eru þar m.a. nefndir hagsmunir landbúnaðar og sjávarútvegs.

Í athugasemdum við tillögu ríkisstjórnarinnar er nefnt að haft verði samráð við hagsmunaaðila, m.a. á sviði byggðamála. Brýnt er að verði málið falið utanríkismálanefnd verði einnig hugað að byggðamálum. Utanríkisráðherra skipaði nefnd í desember 2008, m.a. til að greina hvernig byggðastefna Evrópusambandsins fellur að byggðastefnu íslenskra stjórnvalda og hvaða áhrif hugsanleg aðild Íslands að sambandinu kynni að hafa í því sambandi. Byggðastofnun telur að æskilegt væri að nefndin skilaði niðurstöðum áður en tekin verður ákvörðun um umsóknaraðild.

Í bók um aðildarviðræður við Evrópusambandið „Inni eða úti?“ eftir Auðunn Arnórsson (Háskólaútgáfan 2009) er fjallað um einstaka kafla sem væntanlega þarf að semja um í aðildarviðræðum og eru þeir m. a. flokkaðir í 35 flokka, eftir því hvort ætla megi að þeir verði Íslandi auðafgreiddir, miðlungserfiðir eða erfiðir. Mat Auðuns er að sex kaflar gætu orðið Íslandi erfiðir. Einn þessara kafla eru byggðamál, en geta má þess að rúmlega þriðjungur af fjárlögum ESB fer til byggðamála. Það er því gríðarlega mikilvægt að Ísland gæti vel hagsmuna sinna í þessum málaflokki.

Tillaga þingmanna framsóknar- og sjálfstæðismanna er sett fram í kjölfar tillögu ríkisstjórnarinnar, væntanlega til þess að ná breiðari samstöðu um aðildarumsókn. Byggðastofnun telur nauðsynlegt að um jafn afdrifaríka ákvörðun og aðild að Evrópusambandinu sé víðtæk samstaða bæði milli stjórn mála flokka og milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar. Æskilegast væri að allir stjórn mála flokkar gætu orðið sammála um eina tillögu í þessu mikilvæga máli.

Virðingarfyllt

---

Guðmundur Guðmundsson  
*Sérfræðingur á þróunarsviði Byggðastofnunar*